

REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum
samkvæmt viðaukum IVA og IVB við tollalög.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðaukum IVA og IVB, með síðari breytingum, sbr. viðauka V, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magn soll:

Tollskrárnr.:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg/stk.	Verðtollar %	Magn tollar kr./kg/stk.
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	878
	<i>Hreindýrakjöt með beini, fryst:</i>				
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0208.9009	Annað	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	878
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.16	ótilgr.	0	48
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjölk og paradisarfuglablóm)	01.05.-30.11.16	ótilgr.	0	48
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.01.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	01.02.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kinakál	28.12.15-30.06.16	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál (Brassica oleracea var. Ita.)	01.01.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	31.03.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.01.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ættinni Agaricus	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	80

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins og reglugerðar nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. A búvorulaga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. desember 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Baldur Sigmundsson.